

Mánudaginn 20. maímánaðar.

Nr. 10/1895:

Hið opinbera
gegn
Andrjesi Fjeldsted.

D ó m u r :

Með dómi, upp kveðnum í lögreglurjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. jan. þ. á., var hinn kærði Andrjes Fjeldsted, bóndi á Hvítárvöllum, dæmdur fyrir brot á laxfriðunarlögum 19. febr. 1886 til að greiða sekt 10 krónur til sveitarsjóðs í Andakilshreppi, svo og til að greiða allan málskostnað. Auk þess var hann fyrir ósæmilegan rithátt dæmdur til að greiða 10 kr. sekt til sama sveitarsjóðs og 10 kr. til landssjóðs. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til yfirdómsins eptir ósk hins kærða.

Hinn kærði er í þessu máli sakaður fyrir það, að hann hafi látið nokkur laxanet liggja í Hvítá fyrir landi ábúðarjarðar sinnar Hvítárvalla sunnudagsmorguninn 26. júnímán. 1892, og þannig brotið gegn 1. gr. í áðurnefndum lögum 19. febr. 1886, en hann hefur skorinort neitað því, að svo hafi verið; að eins hefur hann kannazt við það, að eitt net hafi þá legið í ánni, er eigi hafi náðst upp vegna þess, að það hafi verið sandorpið. Það verður þó að álíta það nægilega sannað með hinum ýtarlegu eiðfestu vitnaskýrslum í málinu, sem tilgreindar eru í lögreglurjettardóminum og eigi verður hrundið, þótt kærði hafi mótmælt þeim bæði í hjerði og fyrir yfirdóminum, að 3 laxanet, auk hins sandorpna netsins, hafi legið í Hvítá fyrir

Hvítárvallalandi sunnudagsmorguninn 26. júní 1892. Sjerstaklega skal það tekið fram, að eigi verður álitíð, að það hafi verið duffstrengir eða bólstrengir einir, sem vitnin sáu, eins og kærði hefur staðhæft, heldur laxanet áföst við strengina. Þótt hinn kærði hafi ekki sjálfur stundað laxveiðina í Hvítá fyrir landi ábúðarjarðar sinnar þetta ár, en látið aðra stunda hana fyrir sig, verður hann að bera ábyrgð á því, hvernig hún var rekin. Það verður því að sekta hinn kærða fyrir hið átalda brot, og dæma hann til að greiða málskostnað í hjeradi. Þar eð sektarupphæðin í lögreglurjettardóminum þykir hæfileg, ber að staðfesta hann að þessu leyti. Einnig ber að staðfesta ákvæði lögreglurjettardómsins um sekt fyrir ósæmilegan rithátt, þó svo, að sektin ákveðst 5 kr. til landsjóðs og 5 kr. til sveitarsjóðs. Hinn kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur máls þessa hefur verið mjög seinfara í hjeradi, þar sem próf byrjuðu í því 15. júlí 1892, en var ekki lokið fyr en 29. nóv. f. á., en á því tímabili voru haldin 20 rjettarpróf. Hjeradsdómarrinn hefur gjört mjög ýtarlega grein fyrir því, hvernig standi á þessum drætti, og þótt atvik þau, sem hann hefur tilgreint, eigi verði talin nægileg afsökun fyrir honum, þykir eigi þurfa að láta hann sæta sektum hans vegna, með því að málið að öðru leyti er vöndunarlega og alúðlega rekið af hans hálfu.

Það vottast, að sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera órask-
aður, þó svo, að sekt kærða fyrir ósæmileg-
an rithátt sje 5 kr. til sveitarsjóðs og 5 kr.
til landssjóðs. Svo ber hinum kærða og að
greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar
með talin málfutningslaun til sækjanda og
verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannes-
ar Thorsteinson og yfirjettarmálfærslumanns
Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Sektirnar greiðist innan 8 vikna frá lög-
birtingu dóms þessa og dóminum að öðru
leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 1/1895:

Björn Jónsson

gegn

Hannesi Þorsteinssyni

(Út af meiðyrðum í Þjóðólfi).

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, upp kveðn-
um 3. janúar þ. á., var hinn stefndi, ritsjóri blaðs-
ins »Þjóðólfur«, dæmdur fyrir meiðyrði um áfrýj-
andann, ritstjóra blaðsins »Ísafold«, í grein í Þjóð-
ólfi 34. blaði 46. árgangs, er út kom 20. júlí f. á.,
með yfirskriptinni »Naglaleg sjálfhælni«, í 50 kr.
sekt í landssjóð eða 15 daga einfalt fangelsi, ef